

Þáttur háskóla í svæðisbundnum vexti

Hagnýtur leiðarvísir

Leiðbeiningar um framlag háskóla til byggðaðróunar með styrkingu efnahagslegrar, félagslegrar og svæðisbundinnar samheldni til framtíðar að leiðarljósi.

Með aðfararoðum eftir Láru Magnúsardóttur
Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra

Útdráttur og þýðing Boga Arnar Finnbogasonar, með leyfi höfunda að frumkvæði Láru Magnúsardóttur sem ritar jafnframt aðfararorð.

Skagaströnd 2012

Heiti á frummálinu: *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide A guide to help improve the contribution of universities to regional development, with a view to strengthening economic, social and territorial cohesion, in a sustainable way.*

Gefið út af European Union Regional Policy sem hluti af Smart Specialisation Platform 2011. Höfundur: John Goddard professor emeritus við Newcastleháskóla Inngangur eftir Androulla Vassiliou og Johannes Hahn.

http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf

AÐFARARORÐ

Þótt Ísland sé ekki aðili að Evrópusambandinu eru samskipti við ríki þess mikil á margvíslegum vettvangi enda eru ekki aðeins til þess pólitískar forsendur heldur einnig menningarlegar, sem gera það að verkum að Íslendingar geta tileinkað sér þekkingu sem aflað er með því fjármagni og mannafla sem Evrópusambandið ræður yfir og er miðlað með þægilegum hætti á Internetinu. Að vísu er efnismagnið yfirþyrmandi og allt á erlendum tungumálum sem veldur því að óhægara er um vik en ætla mætti að vinsa úr það sem getur skipt máli fyrir málefni, svæði eða stofnanir. En vegna þess að ég tel að leiðinbeiningabæklingurinn *Connecting Universities to Regional Growth: A Practical Guide* geti skipt sköpum fyrir stefnumótun í byggðapróun á Íslandi ákvað ég að að láta þýða valda kafla úr honum á Íslensku til þess að vekja athygli stjórnvalda, sveitarstjórna, atvinnulífs, nýsköpunarsjóða og ekki síður háskóla og svæðasamtaka sveitarstjórna á honum og gera efni hans aðgengilegt almenningi um leið.

Leiðarvísir Evrópusambandsins er 80 blaðsíður að lengd en hér eru aðeins þýdd inngangsorð höfundu, lýsing á innihaldi kafla og niðurstöður. Þýðingin er gerð með litlum breytingum, meðal annars, en helsta breytingin felst í því að setja inn mynd af „þekkingarþríhyrningi“ sem tekin er annars staðar frá. Leiðarvísinn má finna hér:

http://ec.europa.eu/regional_policy/sources/docgener/presenta/universities2011/universities2011_en.pdf

Um það er varla deilt að stjórnvöld og aðrir aðilar sem hlut eiga að máli stefna að því að ná árangri í byggðapróun, en það má hins vegar deila endalaust um aðferðirnar. Þess vegna er einmitt mikilvægt að kominn sé fram *leiðarvísir* um byggðapróun sem byggður er á reynslu og bestu samtímaþekkingu en er auk þess af sama meiddi og sú stefna sem íslensk stjórnvöld hafa í auknum mæli tekið upp undanfarin ár í samræmi við það sem gerist annars staðar í okkar heimshluta.

Í leiðarvísinum er miðað við sóknaráætlun fram til ársins 2020 þar sem gert er ráð fyrir því að klasahugmyndafræði sé beitt til að ná fram nýbreytni í atvinnulífi og bættum lífskjörum í dreifðum byggðum. Klasahugmyndin byggist á samvinnu opinberra aðila, atvinnulífs og háskóla við að móta stefnu og vinna að aðgerðum fyrir það svæði sem þau starfa á og ná yfir. Klasasamstarf er ekki nýtt af nálinni er í leiðarvísinum er gerð grein fyrir því sem hefur gengið vel en jafnframt gerðar tillögur að nýbreytni sem sýnt þykir að fari betur en eldri aðferðir. Gert er sýnt með dæmum hvernig háskólar geta haft áhrif innan svæða, bent á úrræði sem hafa reynst vel, lýst hvötum og hindrunum fyrir árangursríku starfi og bent á leiðir sem auka líkur á styrkjum frá alþjóðlegum áætlunum. Leiðarvísirinn gerir ráð fyrir því að háskólar taki þátt í stefnumótun fyrir svæði. Bent er á að fram að þessu hafi of mikil áhersla verið lögð á unnin séu afmörkuð verkefni og lagt er til að í staðinn verði sjónum beint að langtímaáætlunum og unnið að þeim með stigskiptri nálgun. Þar kemur fram að háskólari hafi sýnt góðan árangur á jaðarsvæðum og ítrekað að háskólarnir hagnist sjálfir af því að vinna í slíkum verkefnum.

Auk ofangreindrar áherslubreytingar hvað varðar afmörkuð- eða langtímaverkefni heyrir til tíðinda að í leiðarvísinum er eindregið lagt til að fallið sé frá þeirri stefnu sem ríkt hefur sem

einblínir á tækni- og viðskiptaleg verkefni, en þess í stað er stungið upp á því að hluti þeirra fjármuna sem veitt er til byggðapróunar verði settur í sérstaka sjóði sem hafa það markmið til að líta heildrænt á málefni svæðanna og lögð verði áhersla á að nýta krafta hugvísinda, félagsvísinda og skapandi greina, sem hingað til hefur verið vannýttir.

Það er ýmsum vandkvæðum bundið að líta til heildar og framtíðar vegna þess að árangur verður ekki ljós jafnharðan. Fyrstu skrefin sem stungið er upp á felast meðal annars í því að stofnanir innan svæða skuldbindi sig til slíks samstarfs og reynir þá ekki síst á að sveitarstjórnir og samtök sveitarfélaga takist á við nýja ábyrgð og að sýndur verði sveigjanleiki á öllum sviðum þegar kemur að því að túlka reglugerðir umsambættingu.

Það er von mín að þessi útdráttur hvetji sem flesta til að kynna sér efni leiðarvísisins ítarlega og að þannig skapist sameiginlegur umræðuvettvangur sem sveitarfélög, svæðasamtök sveitarfélög, atvinnurekendur, háskólar og aðrir sem vinna að málefnum byggðapróunar geta nýtt til þess að taka með skipulegri hætti á framtíðarstefnumótun. Vegna þess að leiðarvísirinn samræmis framtíðarstefnumótun stjórnvalda og er byggður á bestu þekkingu og reynslu frá nágrannalöndum okkar má nota aðferðirnar sem í honum er lýst til að sameinast um að setja sér langtímamarkmið um að bæta lífsgæði á landsbyggðinni og efla nýsköpun í atvinnu. Það skiptir miklu að beita markvissum aðferðum. Auk þess skiptir miklu að vinna með þeim hætti sem eykur líkur að hægt sé að afla styrkja til uppbyggingar, en þær aðferðir sem hér er lýst samræmast einmitt stefnu OECD og flestra þeirra stofnana og sjóða sem hægt er að leita til um fjármagn hérlendis sem erlendis.

Segja má að með því að hlaða leiðarvísinum einfaldlega niður af netinu hafi Íslandi verið sparaðar háar fjárhæðir sem annars hefðu farið í rannsóknir, fundi og skýrslugerð, auk tíma. Bæklingurinn sýnir að til er aðferðafræði sem hægt er að nota til að byggja á – og þá er hægt að byrja strax, en fyrsta verkið hlýtur að vera að kynna efnið bæði á vettvangi stofnana, atvinnulífs og meðal almennings.

Nóvember 2012
Lára Magnúsardóttir
forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra

INNGANGUR

Evrópustefnan *Europe 2020* leggur áherslu á mikilvægi nýsköpunar, þegar stuðla skal að gagnlegum og sjálfbærum heildarvexti. Landssvæði í byggð eru kjörinn vettvangur nýsköpunar vegna þeirra möguleika sem þau veita til víxlverkunar á milli fyrirtækja, stjórnvalda og samfélagsins í heild.

Þegar tekist er á við mjög krefjandi verkefni í samfélaginu hvort sem þau eru í eðli sínu hnattræn eða staðbundin gegna gegna háskólar og aðrar menntastofnanir meginhlutverki við öflun og nýtingu þekkingar til nýsköpunar í framleiðslu sem og félagslegrar og einstaklingsbundinnar þjónustu. Hér er átt skapandi greinar, hug- og félagsvísindi jafnt sem raunvísindi og tækni. Þetta var ítrekað í verkefnaskrá, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti í september 2011, með það að markmiði að nútímavæða æðri menntakerfi Evrópu.

Fyrir hendi eru úrræði til að greiða fyrir þessum breytingum. Ráðgjöf og frekari aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki við að ráða til sín nýútskrifað menntafólk, móta aukaafurðir í vísinda- og tæknigörðum, greiða fyrir tengslamyndun í fyrirtækjahlösum og koma til móts við þarfir nærliggjandi vinnumarkaðar. Öll slík og ýmis önnur starfsemi getur fallið undir samþættingarstefnu (Cohesion Policy) Evrópusambandsins, þótt aðstæður kunni að vera breytilegar innan byggðasvæða eftir forgangsröðun og reglum hlutaðeigandi yfirvalda framkvæmdaáætlana.

Þessum leiðbeiningum Evrópusambandsins, „*Þáttur háskóla í svæðisbundnum vexti*“, er ætlað að gera stjórnvöldum kleift að stuðla að virkri þátttöku háskóla og annarra æðri menntastofnana í svæðisbundinni stefnumótun um nýsköpun og skynsamlega sérhæfingu í samvinnu við rannsóknasetur, fyrirtæki og aðra samstarfsaðila í samfélaginu. Einnig kunna þær að koma að notum fyrir bæði aðila sem stunda akademískar rannsóknir og viðskipti til að kanna, hvaða hag þeir kynnu að hafa af samstarfi um byggðapróun. Þessar leiðbeiningar kunna einnig að geta stutt þá sem hafa í hyggju að sækja um RegioStars-verðlaunin 2013 á þessu sviði. Verðlaunin eru veitt þeim sem hafa sýnt af sér best vinnubrögð og hafa notið styrks samþættingarstefnunnar.

Í því skyni að háskólar nái sem bestu framlagi til byggðapróunar veita leiðbeiningarnar upplýsingar um hlutverk þeirra og benda á í hverju það gæti best verið fólgið. Þær fjalla um að sigrast á hindrunum, auka færni, stuðla að samvinnu og efla leiðtogahæfileika til að tengjast samstarfsaðilum í nýsköpun á viðkomandi svæði. Slík viðfangsefni birtast í hagnýtum dæmum og ferlirannsóknnum af ýmsum toga og stefnumótandi skýrslum.

Leiðbeiningarnar eru ekki akademískt plagg, heldur er þeim ætlað að vera hagnýtt hjálpartæki í röð leiðbeininga, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samið. Eins konar undirstaða í aðferðafræðilegri aðstoð og hagnýtri leiðsögn fyrir stjórnvöld á landsvísu og á einstökum landssvæðum, sem vinna að mótun og framkvæmd stefnumótunar í nýsköpun og sérhæfingu. Leiðbeiningunum er ætlað að greiða fyrir viðræðum hagsmunaaðila.

Leiðbeiningarnar munu gagnast við undirbúning næsta áætlunartímabils (2014–2020). Samkvæmt tillögum, sem framkvæmdastjórnin samþykkti nýlega viðvíkjandi framtíð reglugerðar um samþættingarstefnu þá munu þessi úrræði halda gildi sínu sem tæknileg aðstoð svo fremi sem tilteknum skilyrðum hafi verið fullnægt svo sem eins og um stefnu um nýsköpun í *skynsamlegri sérhæfingu*.

Á núverandi áætlunartímabili geta öll landssvæði nýtt sér að fullu reynslu undanfarinna ára við að prófa, bæta og styðja þau úrræði sem eru kynnt hér í því skyni að tengja háskóla betur við svæðisbundinn vöxt. Enn fremur munu háskólar meta mikils þau tækifæri sem svæðin veita þeim sem „lifandi rannsóknarsetur“ með alþjóðlegum tengingum.

Johannes Hahn,
framkvæmdastjóri byggðaastefnu.

Androulla Vassiliou,
framkvæmdastjóri menntunar-,
menningar-, fjöltyngis- og æskulýðsmála.

HVERNIG SKAL NOTA ÞESSAR LEIÐBEININGAR EVRÓPUSAMBANDSINS?

Í töflunni hér að neðan er útskýrt, hvaða einstaklingar og stofnanir kunni að hafa gagn af þessum leiðbeiningum („hver“), hvaða spurningar kunna að rísa („hvað“) og í hvaða köflum leiðarvísisins er talið að gagnleg svör sé að finna („hvernig“):

Hver	Hvað	Hvernig
Stjórnvöld	<i>Hvert er hlutverk háskóla í byggðapróun?</i>	Í fyrsta kafla er greining á því hvaða áhrif háskólar geta haft á tiltekin svæði og hvernig unnt er að virkja þá til þátttöku í efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun.
	<i>Hver eru úrræðin til að hvetja háskóla til þátttöku í byggðapróun?</i>	Í 2.–5. kafla (með dæmum hvaðanæva úr Evrópusambandinu) er getið um hugsanleg úrræði við að ná fram sem mestu framlagi háskólanna til byggðapróunar.
	<i>Hvernig má greina hindranir í virkjun háskóla og hvernig má sigrast á þeim?</i>	Í 6. kafla er útskýrt hverjar séu meginhindranirnar á vegi byggðasvæða við að virkja háskóla og hvernig unnt sé að sigrast á nokkrum þeirra.
	<i>Hvernig er stuðlað að virkri samvinnu í að ná hámarkstengslum á milli háskóla og byggðasvæða?</i>	Í 7. kafla eru tilgreind hagnýt tæki og aðstæður sem geta stuðlað að samvinnu innan byggðasvæðis í því skyni að móta og koma á framfæri virkum áætlunum.
Háskólar og aðrar akademískar stofnanir.	<i>Hvaða hag geta háskólar haft af því að vinna með samstarfsaðilum um byggðapróun?</i>	Í 1. kafla er háskólanum komið fyrir í byggðapróunarferlinu og lögð áhersla á meginhlutverkið sem hann kann að gegna.
	<i>Í hvaða starfsemi geta háskólar tekið þátt?</i>	Í 2.–5. kafla er yfirlit yfir hvernig evrópskir háskólar hafa tekið þátt í byggðapróunarverkefnum.
	<i>Hvernig geta háskólar aukið getu sína til að tengjast aðilum sem vinna að byggðapróun?</i>	Í 6. kafla er rætt um meginhindranir (bæði innri og ytri), sem háskólar kunna að standa frammi fyrir við þátttöku í byggðapróunarverkefnum og nefnd nokkur dæmi um hvernig fram hjá þeim megi komast.
	<i>Hvað er hægt að gera til að hafa áhrif á ráðamenn?</i>	Í 7. kafla er rætt um þann sess sem háskólar geta skapað sér gagnvart samstarfsaðilum í byggðapróun og skipulagsmálum.

Fyrirtæki og aðrir samstarfsaðilar í viðskiptum eða félagslegir aðilar.

Hvað vinnst við samvinnu háskóla?

Í 1. kafla er birt yfirlit yfir það hlutverk, sem háskólar geta haft í efnahagsþróun, jafnt óvirkir sem virkir gerendur.

Hvaða ráðum má beita til að efla áhrif háskólanna?

Í 2.–5. kafla er bent á dæmi um það hvernig háskólar geta unnið með einkaaðilum og opinberum aðilum að byggðapróunar-verkefnum.

Hvernig geta samstarfsfyrirtæki og félagslegir aðilar náð hámarki í þátttöku sinni í byggðapróun og skipulagsmálum?

Í 7. kafla er rætt mikilvægi virkrar samvinnu og þátttöku á öllum sviðum hagkerfisins við mótun og framkvæmd stefnu sem hefur hámarksáhrif.


SAMANTEKT STJÓRNENDA

Yfirlit

Þessum leiðbeiningum er ætlað að hjálpa stjórnendum verkefna Byggðapróunarsjóðs Evrópu við að auka tengsl háskóla til byggðapróunar og svæðisbundins vaxtar með því að styrkja efnahagslega, félagslega og svæðisbundna samþættingu með sjálfbærum hætti. Leiðbeiningunum er einkum ætlað að koma stjórnvöldum að notum, en vonast er til að þær gagnist einnig sveitarstjórnnum og öðrum aðilum sem taka þátt í staðbundinni og svæðisbundinni þróun.

Gert er ráð fyrir, að þessar leiðbeiningar verði á meðal úrræða í stefnumótun framkvæmdastjórnarinnar um *skynsamlega sérhæfingu* (Smart Specialisation Strategies (S) Platform).³ Hún var tilkynnt með orðsendingunni „Byggðapróunarstefna sem stuðlar að skynsamlegum vexti“ í Evrópu 2020. Meginmarkmið hennar er að aðstoða stjórnvöld aðildarríkjanna um það hvernig megi nýta sem best svæðisbundin fjárframlög í þágu nýsköpunar.

Leiðbeiningarnar spanna þrjú þekkingar- og stefnusvið, þ. e. menntun, rannsóknir og nýsköpun, – hinn svonefnda þekkingarþríhyrning, þar sem gert er ráð fyrir að rannsóknir, þekking og nýsköpun haldist í hendur (eins og honum er lýst í Nýsköpunareiningunni [COM(2010) 546]. Í myndinni hér að neðan má sjá hvernig þekkingarþríhyrningurinn er hugsaður en þar er viðskiptalífið fulltrúi nýsköpunar.



1

¹ Myndin er byggð á mynd úr *Catalysing Innovation in the Knowledge Triangle. Practices From The Eit Knowledge And Innovation Communities*, <http://eit.europa.eu/newsroom-and-media/article/first-eit-publication-catalysing-innovation-in-the-knowledge-triangle/>

Opinberir aðilar, sem leitast við að virkja háskóla² til að styðja byggðapróun, verða að hafa þekkingu á öllum þessum þremur sviðum. Á það bæði við stjórnvöld á landsvísu og í héraði, sem sjá um mótnun og framkvæmd stefnu um nýsköpun í *skynsamlegri sérhæfingu*, svo og stjórnendur á vegum aðildarríkjanna sem stjórna framkvæmdaáætlunum um samþættingarstefnu³. Leiðbeiningarnar veita innsýn í þessi mál, en þó er það aðeins á yfirborðinu.

Þessum leiðbeiningunum er ætlað:

- að greina hvaða áhrif háskólar geti haft innan svæða og hvernig unnt sé að virkja þá til efnahagslegrar, félagslegrar og menningarlegrar þróunar á svæðinu,
- að sýna fram á (með dæmum hvaðanæva úr Evrópusambandinu) nokkur úrræði, sem unnt er að beita til þess að ná fram hámarksframlagi háskóla til byggðapróunar,
- að lýsa helstu áföngum, sem verða að nást í árangursríkri samvinnu á milli háskóla og hagsmunaaðila, lýsa hvötum og hindrunum hjá báðum aðilum við framkvæmd og hvernig unnt sé að sigrast á slíkum hindrunum,
- að staðsetja áætlanir og hugsanlegar framkvæmdir innan þess sviðs sem nýtur stuðnings Byggðapróunarsjóðs Evrópu.

Umfang verksins við gerð þessara leiðbeininga leyfði ekki frumrannsóknir, og því eru heimildir fengnar úr tímaritsgreinum og vefsetrum til frjálsra afnota, svo sem skjölum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, skjölum frá málstofum, sjálfrýndu efni og efni samþykktu af sérfræðingum til birtingar. Einkum var stuðst við skýrslur: „*Reviews of Higher Education in City and Regional Development (OECD)*⁴; *European Drivers for a Regional Innovation Platform (European Centre for the Strategic Management of Universities (ESMU) for EU Lifelong Learning Programme)*⁵; og *Sharing Innovative Practices in University Management - Collaborative Research (European Universities Association (EUA) for DG Research)*⁶.“

Samhengi

Fram að þessu hefur töluverð vinna verið lögð í undirbúning að stefnu í svæðisbundinni nýsköpun. Þar hafa háskólar (að undanteknum rannsóknar- og þróunarstofnunum) komið sjaldan við sögu enda hefur áherslan verið lögð á aðeins eina hlið þríhyrningsins. Þótt háskólar stundi rannsóknir og kunni að stuðla að þróun þeirra, flokka leiðbeiningarnar slíka iðju undir aðra starfsemi háskólans, einkum kennslu.

Enn fremur hefur ráðandi viðmið snúið að tækni framförum, sem veldur því að litið hefur verið fram hjá þeim möguleikum sem felast í framlagi lista, hugvísinda og félagsvísinda til svæðisbundinnar þróunar og nýsköpunar. Jafnvel hafa orðfæri og innviðir nýsköpunar hneigst til forsendna vísinda og tækni (t.d. hafa margir háskólar á að skipa aðstöðu til tækniþróunar og miðlunar). Mörg þeirra dæma, sem notuð eru til að vekja athygli á tilteknum atriðum í þessum leiðbeiningum, bera keim af þessu ráðandi viðhorfi. Hins vegar ættu ráðamenn að íhuga að slík viðhorf kynnu að verða véfengd, þegar tímar líða og ættu að hafa aðila sem koma að nýsköpun með óhefðbundnum hætti með í ráðum í framtíðinni.

Almennir háskólar hafa að öllum líkindum meginhlutverki að gegna í félagslegri og efnahagslegri þróun nærsvæðisins. Þeir eru mikilvægar „eignir“ samfélagsins, og jafnvel enn frekar á jaðarsvæðum, þar sem einkageirinn er veikburða eða hlutfallslega lítill og lítið er um rannsóknir og þróunarvinnu. Árangursrík virkjun innri styrks háskóla kann að hafa ótrúlega góð áhrif á svæðisbundin hagkerfi og árangur fjölþættrar byggðastefnu.

Til þess að virkja háskólana með skilvirkum hætti verða stjórnvöld að gera sér grein fyrir því hvers vegna háskólar geta orðið mikilvægir þátttakendur í byggðarþróun. Fyrir hendi eru ýmis úrræði, sem styðja þátttöku þeirra, og er mörgum þeirra þegar beitt. Hins vegar er það stefnumótandi samræming þeirra innan heildarstefnumörkunar sem hefur mest áhrif.

Mikilvægt er, að menn geri sér grein fyrir því að á veginum kunna að verða flóknar hindranir og krefjandi viðfangsefni, sem sigrast verður á, bæði innan háskólanna og almennt í þjóðfélaginu. Svo fremi sem stjórnvöld og hagsmunaaðilar á svæðinu gera sér grein fyrir lögmálum, starfsreglum og hindrunum og hvernig unnt er að sigrast á þeim, er möguleikinn á framlagi háskólanna nær takmarkalaus. Að ná slíkum árangri er langtímamarkmið sem útheimtir stigskipa nálgun. Þar er þróunin frá einföldum verkefnum til æ samþættari samstarfsáætlana.

Þótt leiðbeiningarnar snúist um það hvers nærsvæðið kann að geta „aflað“ frá háskólum sínum, ber að hafa í huga að um er að ræða tvíhliða ferli. Háskólinn hagnast líka af tilvist sinni á svæðinu. Háskólar ættu að meta mikils og gera sem mest úr þeim möguleikum, sem nærsvæðið hefur upp á að bjóða, ekki síst sem „lifandi rannsóknarstofa“⁷ fyrir rannsóknir sínar.

Meginniðurstöður og tillögur

Nálgast ber virkjun háskóla með heilðrænum hætti í stað þess að leggja megináherslu á viðskiptasjónarmið, svo sem ráðgjafarþjónustu við fyrirtæki á svæðinu. Freistandi er að leggja áherslu á viðskipti, sem kann að leiða til tiltekinnar niðurstöðu, svo sem þeirrar hve mörg fyrirtæki nutu aðstoðar. Hins vegar er ólíklegra að slíkt hafi varanleg áhrif og leiði til varanlegrar niðurstöðu, sem unnt væri að ná með „ummyndandi“ þróunaráætlunum, svo sem með kennslu í staðbundinni mannauðsáætlun sem byggist á rannsóknartengdri aðstoð við fyrirtæki í helstu fyrirtækjasamstæðum svæðisins.

- 1. Mælt er með því að unnið sé markvisst að langtímaáætlun í stað afmarkaðra stakra verkefna, „ummyndandi verkefnum“ í stað „viðskiptatengdra verkefna“.*

Miklu erfiðara er að þróa ummyndandi og heilðrænar áætlanir, vegna þess að árangurinn er oft óviss frá byrjun, og því útheimtir slíkt öflugra samstarfsaðila með víðsýni og hugrekki til að tryggja þróun þeirra. Til þess þarf náið samstarf öflugra einstaklinga með dugandi leiðtogaþæfileika.

- 2. Mælt er með því að efnt sé til samstarfs innan svæðisins til að takast á við skuldbindingar milli háskólanna og byggðasvæðanna og tryggja einkum varanleika samstarfsins til langs tíma, óháð reglulegum fjárveitingum.*

Miklu máli skiptir að fjárfesta í menntun/þjálfun einstaklinga innan háskólans og samstarfsaðila á svæðinu, þar eð kunnátta, sem þörf er fyrir til að takast á við slíkar ummyndandi áætlanir, er oft af skornum skammti, einkum á jaðarsvæðum. Leiðtogaþæfileikar og víðtæk fagkunnátta eru

grundvallaratriði, svo og geta til að meta með opnum huga þann árangur sem næst (bæði inn á við með sjálfsmati og út á við með jafningjamati sérfræðinga).

- 3. Mælt er með því, að valdhafar veiti hluta þess fjár sem ætlað er til tækninýsköpunar til þess að stofna sjóði sem styðji við ofangreind verkefni. Framlög til sjóðanna komi einnig frá háskólum, viðskiptalífi og öðrum opinberum aðilum. Með slíkri skuldbindingu sýna þau fram á einbeittan vilja til að efla eigin þróun.*

Samstarfsrannsóknir veita mikilvæga leiðsögn í þessu ferli, og er athyglisvert að mörg þeirra byggðasvæða, sem getið er um í þessum leiðbeiningum, hafa tekið þátt í annarri eða báðum áætlunum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). ("Reviews of Higher Education in City and Regional Development, the EU-Drivers for a Regional Innovation Platform (European Centre the Strategic Management of Universities (ESMU) for DG Education and Culture) og EUIMA Programme (European Universities Association (EUA) for DG Research) on Sharing Innovative Practices in University Management").

- 4. Mælt er með því, að hagsmunaaðilar innan hvers byggðasvæðis íhugi að taka þátt í áætlun Framfara- og samvinnustofnunar Evrópu (OECD) um svæðisbundna endurskoðun í því skyni að greina núverandi styrkleika og svið, sem kunna að þarfnast eflingar í færni, og skoða ítarlega niðurstöður EUA- og ESMU-áætlanna. (<http://www.eua.be-/Home.aspx> og <http://www.esmu.be/>)*

Verkefni fjármögnuð af fé Evrópusambandsins eru oft ekki talin góður kostur fyrir háskóla, sem eiga kost á fé úr öðrum sjóði til fjármögnunar rannsóknnum sínum, og þar sem fjármögnunarhlutfallið er hærra og/eða þess krafist að niðurstöður uppfylli betur staðlaðar akademískar kröfur og starfsvenjur. Þá væri umsóknarvinnan flókin og einkenndist af of mikilli skriffinnsku þegar sótt væri um greiðslur fyrir rannsóknir og umsýslu. Háskólar hafi því þurft sérhæft starfsfólk til að sjá um umsóknir svo að þær væru í samræmi við reglugerðir.

- 5. Mælt er með einföldun og sveigjanleika í framkvæmd reglugerða um samþættingu. Stjórnendur verði hvattir til að beita miklum sveigjanleika.*

Sú nálgun, sem fjallað er um í þessum leiðbeiningum til að skýra meginreglur þeirra, á einkum rætur að rekja til núverandi úrræða, og því er tilhneiging til að beita línulegri, vísindalegri og tæknilegri „ýtni“ varðandi nýsköpun. Hins vegar er þörf á félagslegri og þjónustutengdri nýsköpun, einkum þegar tekist er á við meiriháttar verkefni, svo sem loftslagsbreytingar og lýðfræðilegar breytingar, sem hafa staðbundin og hnattræn áhrif, og þegar reynt er að koma til móts við Lund-yfirlýsinguna.

- 6. Mælt er með því, að opinber stjórnvöld og háskólar tileinki sér víðari skilning á nýsköpun og viðurkenni hlutverk ýmissa lista- og hugvísindagreina, einkum þegar brugðist er við hinum „stóru og erfiðu verkefnum“⁹ eins og þau eru skilgreind. Mótuð verði úrræði, sem hagnýti sérþekkingu og framlag þessara greina, þegar komið er að málefnum svæðisbundinnar nýsköpunar, sköpunargáfu og félagslegri samheldni sem skipta svo miklu máli í almennri byggðaþróun.*

BAF 091112